

1864.

13. janúar.

búið, að áformi þessu verði framgengt, nema hið opinbera styðji það og láti því styrk í tæ. Það er eigi með þerum orðum tekið fram í bænaraskránni, en eigi að síður vafalaust svo til ætlað, að safnið ekki verði eign beiðendanna, heldur landsins.

Það má nú vissulega telja æskilegt, ef fornmenjar þær, sem enn eru til á Íslandi og snerta sögu landsins og fornfræði, yrðu varðveittar svo þær eigi glötuðust, og mundi það mjög stuðla til þessa, ef komið yrði á skipulegu safni, þar sem slíkum fornmenjum yrði haldið saman, og væri því eptir stjórnarráðsins álit ástæða til að styrkja viðleitni beiðendanna í þessu efni með því, að veita nokkurn árlegan styrk til þessa úr ríkissjóðnum, og það því fremur sem þeir, eptir því sem stiptsyfirvöldin segja frá, bera svo gott skynbragð á málið og hafa svo mikinn áhuga á, að því geti orðið framgengt, að þetta er næg trygging fyrir því, að því fæ, sem þeim yrði veitt í þessu skyni, yrði varið á bezta og hagfelldasta hátt; mætti og bjóða stiptsyfirvöldunum að hafa vakandi auga á, hvernig fænu væri varið.

Með því þessu er þannig varið, biður kirkju- og kennslustjórnin um álit fjárstjórnarinnar um það, hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu af hálfu hins heiðraða stjórnarráðs, að kirkju- og kennslustjórnin fari þess á leit við ríkisdaginn, með því að gjöra breytingaratkvæði við frumvarpið til fjárlaganna fyrir árið 1864—65, að veittir verði 300 rdl. í þessum tilgangi.

### 3. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um einkunnir í latínu og grísku í hinum lærða skóla og um ofdrykkju lærisveina.

13. janúar.

Í skjali, er þér herra stiptamtmaður, og þér háæruverðugi herra, senduð stjórnarráðinu til úrskurðar með bréfi yðar 12. októberm. f. á., hefir Bjarni Johnsen, skólameistari hins lærða skóla í Reykjavík, beðið um samþykki stjórnarráðsins til þess, að hann, eptir að hafa ráðgætt um það efni við kennarana við skólann, hefir ákveðið að tölugildi þeirra einkunna, sem gefnar

1864.  
13. janúar.

eru í skólanum í grísku og latínu og fyrir ritgjörðir og stýla í móðurmálinu sè tvöfaldað; svo hefir hann og stungið upp á, að ákvörðun sú, sem er í 18. grein skólaganna um ofdrykkju í skólanum, verði breytt á þann hátt, sem nákvæmar er tiltekið í skjali hans<sup>1</sup>.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það Johnsen skólameistara, að stjórnarráðið nú sem stendur ekki finnur hvöt til að gjöra neinrar ráðstafanir útaf bréfi hans, og það því síður, sem bæði þau atriði, sem þar er um rætt, munu verða athuguð við hinar fyrirhuguðu almennari breytingar, er skólann snerta.

Stjórnarráðið notar tækifærið til að biðja yður að skýra sér frá, á hvaða konungsúrskurði eður stjórnarráðsákvörðun regla sú í skólalögunum er byggð, sem nú er stungið upp á að breytt verði.

14. janúar.

#### 4. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um kalknám í Esjufjalli.

Útaf bænarskrá, er hingað kom frá Sverri steinhöggvara Runólfssyni í Reykjavík, um 650 ríkisdala styrk úr ríkissjóðnum til að gjöra tilraun með að brenna kalk úr hinum krystalliseraða kalksteini, sem fundizt hefir í Esjufjalli, skoraði stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, í bréfi 3. marzm. f. á. að útvega nákvæmari skýrslur um þykkt og lengd kalknámans og um, hversu stórt horn hann myndar við haffötinn. Hefir stjórn-

<sup>1</sup>) Ákvörðun sú, sem hér er til vitnað, er þannig: „einkum skulu þeir (lærisveinarnir) fordast alla ofnautn áfengra drykkja, og er það bein útrekstrarsök ef að því kveður til muna“. En nú hefir skólameistarinn stungið upp á, að svohljóðandi ákvörðun verði sett í staðinn: „Ofdrykkja straffast með Nul fyrir síðferði í 1. sinn; missi helmings ölmusu þeirrar, sem pilturinn hefir, í 2. sinn; missi allrar hans ölmusu í 3. sinn og útrekstri úr skóla í 4. sinn. Þeir sem ekki hafa ölmusu, straffast upp á sama hátt í 1. og 4. sinn, en dæmist til að borga kennslupeninga að upphæð eins og í dönskum skólum í 2. sinn, sem tvöfaldað í 3. sinn.“